

Fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík  
[fjr@fjr.is](mailto:fjr@fjr.is)

Reykjavík, 14. október 2019

**Efni: Umsögn SAF og SVP um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, (afnám stimpilgjaldskyldu á skjölum vegna eignayfirfærslu skipa).**

Hinn 7. október sl. birti fjármála- og efnahagsráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Með frumvarpinu hyggst fjármála- og efnahagsráðherra leggja til afnám stimpilgjaldskyldu skjala sem varða eignayfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum sem eru skrásett á Íslandi. Frumvarpsdrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*).

Að mati samtakanna er afnám stimpilgjaldsskyldu skjala vegna eignayfirfærslu skipa afar tímabært. Gera má ráð fyrir að stimpilgjaldslaus viðskipti með skip muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið enda dregur afnámið úr viðskiptakostnaði vegna kaupa og sölu skipa. Hafa ber í huga að það er ekki aðeins sjávarútvegurinn sem nýtir skip á Íslandi heldur einnig aðrir atvinnurekendur, t.d. fyrirtæki sem annast flutning vara og ferðaþjónustufyrirtæki. Frumvarpið ætti að liðka fyrir viðskiptum með skip og þannig auka möguleika fyrirtækjanna til að ráðast í nauðsynlega endurnýjun og hagræðingu. Um þessar mundir eru eldsneytiskaup einn helsti rekstrarkostnaðarþáttur skipa og því hafa rekstraraðilar þeirra mikla hagsmuni af því að geta snurðulaust endurnýjað skip með minni eldsneytisnotkun fyrir augum. Að sama skapi fylgir kaupum nýrra skipa ýmiskonar notkunarhagræði sem jafnan kemur fram í bættri nýtingu og lægri rekstrarkostnaði að öðru leyti.

**Samtökin fagna þeim áformum sem endurspeglast í frumvarpsdrögunum.**

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Benedikt S. Benediktsson*